

[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

## Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um orkuöryggi almennings

### 157. löggjafarþing 2025–2026 - Þingskjal 72

Landvernd fagnar tillögu Höllu Hrundar Logadóttur til þingsályktunar um orkuöryggi almennings og lýsir stuðningi við meginefni hennar. Það er nauðsynlegt að Alþingi marki skýra stefnu um að réttindi almennings verði tryggð með afgerandi hætti í lögum þar sem markaðslögmál ráða nú raforkukerfi landsmanna. Það ætti að vera forgangsmál að raforka til heimila og smærri notenda verði viðurkennd grunnþjónusta í okkar orkuríka landi þar sem ekki er orkuskortur heldur skortur á framsýni um að orkuauðlindir þjóðarinnar séu nýttar með sjálfbærni að leiðarljósi. Landvernd leggur áherslu á endurnýjun á úreltu raflínakerfi sem er líklega stærsti þátturinn í því að tryggja orkuöryggi um landið og um leið nýtingu virkjana sem eru til staðar. Gæta þarf þess að raforkuinnviðir verði endurnýjaðir í sátt við náttúru og samfélag.

Landvernd telur brýnt að tryggt sé með lögum að almenningur, heimili, bændur og smærri íslensk fyrirtæki, njóti forgangs að raforku. Íslenskt samfélag byggir á því að aðgangur að raforku sé öruggur, stöðugur og á viðráðanlegu verði. Jafna þarf raforkuverð til almennings sem ætti að vera hreint formsatriði þar sem notkun íbúa landsins er líklega innan við 4% af heildarframleiðslu raforku. Setja þarf þak á orkuverð svo almenningur líði ekki fyrir ofsölu eins og við höfum séð meðal nágrannaþjóða. Slíkt er samfélagslegt réttlætismál í landi sem er yfirfullt af raforku. Á Íslandi gegnir raforka lykilhlutverki í húshitun, heimilishaldi, matvælaframleiðslu og almennri atvinnustarfsemi og verður því að líta á aðgang almennings að raforku sem hluta af grunninnviðum samfélagsins.

Landvernd vill ganga lengra en tillagan orðar nú þegar kemur að verðlagningu raforku. Það nægir að almenningur hafi lagalegan forgang að raforku. Ríkisvaldið verður einnig að tryggja að almenningur og smærri íslensk fyrirtæki, m.a. fyrirtæki í matvælaframleiðslu sbr. garðyrkju eða gróðurhús, njóti hagstæðari kjara en stórnotendur sem byggja orkufreka starfsemi sína á sérkjörum við raforkukaup. Það er hvorki samfélagslega réttlátt né í þágu náttúruverndar og efnahags að heimili, garðyrkjubændur og smærri fyrirtæki búi við herra raforkuverð en stórnotendur á langtímasamningum.

Forgangsröðun í þágu stórnotenda stenst ekki sjónarmið um jafnræði, samfélagslega ábyrgð eða skynsamlega nýtingu sameiginlegra auðlinda. Mikilvægt er að skapa fjölbreyttari atvinnustefnu og orkuöryggi en nú þegar hefur sýnt sig hvaða tjón hefur orðið með bilunum í stóriðjunni og keðjuverkandi tjóni á innviðum raforkukerfis. Stórar virkjanaframkvæmdir fyrir orkusækinn iðnað, er ekki góð forgangsröðun á orku og oft fjárhags- og samfélagslega áhættusöm. Þegar um er að ræða raforku sem framleidd er úr sameiginlegum náttúruauðlindum þjóðarinnar hlýtur það að vera grunnregla að almenningur og sjálfbær innlend verðmætasköpun í smærri og meðalstórum rekstri gangi fyrir. Landvernd telur jafnframt mikilvægt að í þeirri vinnu sem tillagan kallar á verði horft heildstætt til orkuöryggis. Það felur ekki aðeins í sér að tryggja að raforka sé til staðar á hverjum tíma heldur einnig að raforkukerfið sé stöðugt, fyrirsjáanlegt og þoli sveiflur án þess að kostnaður eða áhætta lendi á almenningi.

Landvernd áréttar að vindorka er ekki, ein og sér, til þess fallin að tryggja raforkuöryggi almennings sem sjálfstæður orkugjafi. Vindorka er sveiflukennnd framleiðsla sem ræðst af veðri og býður því ekki upp á sama afhendingaröryggi og stýranleg orkuvinnsla. Hún getur því ekki talist lausn fyrir orkuöryggi nema fyrir hendi sé umtalsverð jafnvægisorka í vatnsaflí. Annars eykur vægi vindorku í kerfinu á óvissu og álag. Landvernd telur mikilvægt að umræðan um orkuöryggi almennings verði ekki notuð sem réttlætning fyrir uppbyggingu vindorku án þess að litið sé til kerfisáhrifa, jafnvægis orku og heildaráhrifa á náttúru og samfélag. Raunverulegt orkuöryggi verður ekki tryggt með því einu að auka raforkuframleiðslu, heldur með ábyrgri forgangsröðun, skynsamlegri nýtingu og réttlátu regluverki um ráðstöfun orkunnar. Fyrsta verkefnið hlýtur að vera að verja hagsmuni almennings og smærri innlendra fyrirtækja áður en ráðist er í frekari skuldbindingar gagnvart stórnotendum.

### Landvernd leggur áherslu á eftirfarandi atriði.

- Almennitur, bændur og smærri íslensk fyrirtæki njóti forgangs að raforku sem grunnþjónustu, að raforka til þessa hóps verði ekki aðeins tryggð með tilliti til afhendingaröryggis heldur einnig með hagstæðu og stöðugu verði. Garðyrkjan skal þar nefnd sérstaklega.
- Að smærri innlendir notendur búi við betri eða að minnsta kosti ekki lakari kjör en stórnotendur.
- Vindorka er ekki lausn á orkuöryggi án tryggðar jafnvægisorku, annars skapar hún ótrygga orku og veldur tjóni á samfélagi og náttúru.
- Að flutningskerfi raforku verði endurnýjað án óþarfa yfirbyggingar, þetta er sá liður sem er best til þess fallinn að tryggja orkuöryggi.
- Gagnsæi í viðskiptum með orku
- Orkuskortur er enginn og alls ekki hluti af því sem kallað hefur verið raforkuöryggi. Raforkuflutningur og raforkuframleiðsla eru ólíkir þættir innviða sem þarf að fjalla um í sitt hvoru lagi.
- Raforkuflutningur er ótryggur í dag sem veldur vandræðum en af raforkuframleiðslu er nóg.

Með hliðsjón af framangreindu lýsir Landvernd stuðningi við meginefni tillögunnar og hvetur Alþingi og ráðherra til að fylgja henni eftir með frumvarpi sem ver hagsmuni almennings, styrkir stöðu smærri fyrirtækja og tryggir að sameiginlegar orkuauðlindir þjóðarinnar þjóni samfélaginu með lágmarks raski á náttúru og víðernum landsins.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir